



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Skrifstofa samgangna- og borgarhönnunar

Reykjavík, 17. mars 2026
USK25050042

TILLAGA

Mjódd, bætt umhverfi, aðgerðir til skemmri og aðeins lengri tíma

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna umbóta í umhverfi við strætóstöðina í Mjóddinni, í samræmi við meðfylgjandi forhönnunarteikningar.

Greinargerð:

Þann 12. mars 2025 var samþykkt af umhverfis- og skipulagsráði að fela umhverfis- og skipulagssviði að koma með tillögu að útfærslu að úrbótum á skiptistöðinni í Mjódd. Var það gert í samræmi við ákvörðun borgarstjórnar um úrbætur á svæðinu. Síðastliðið haust var farið í minniháttar aðgerðir til að laga það sem ekki gat beðið en tillaga þessi leggur til framkvæmdir sem standa eiga til miðlungslangs tíma. Heildarendurskoðun vegna þróunar á svæðinu er svo til skoðunar hjá stýrihóp um heildarendurskipulagningu Mjóddarinnar í samræmi samþykkt borgarráðs og umhverfis- og skipulagsráðs.

Markmið umbótaverkefnisins í Mjóddinni er að bæta umhverfi og aðstöðu á svæðinu með aðgerðum til miðlungs langs tíma, meðan stöðin gegnir hlutverki skiptistöðvar, sem stuðla að auknu umferðaröryggi, betra aðgengi og bættri upplifun fyrir íbúa og gesti. Stöðin er ein helsta samgöngu- og þjónustumiðstöð höfuðborgarsvæðisins og því mikilvægt að það uppfylli kröfur um aðgengi, öryggi og skipulag.


Svæðið sem er skiptistöðin í Mjódd var á sínum tíma hannað fyrir þá umferð vagna sem var skv. þágildandi leiðaneti og tímatöflum, síðan þá hefur bæði verið fjölgað leiðum sem þjónusta stöðina og ferðum fjölgað í tímatöflum. Aðstaðan er því ekki fullnægjandi miðað við þann fjölda vagna sem þjónusta stöðina í dag. Þá hefur viðhald á stöðinni dregist vegna lóðamála, sem nú hefur verið leyst. Þá líður svæðið einnig fyrir það að viðmið í umferðaröryggismálum hafa breyst umtalsvert á síðustu árum og áratugum, en rúm 30 ár er síðan svæðið var hannað. Þannig eru göngupveranir ekki í samræmi við þau viðmið sem gilda í dag og svæði fyrir farþega að bíða er ekki nógu stórt. Þá eru akstursferlar stórir og einnig stór malbikuð svæði sem eru illa skilgreind, sem hefur neikvæð áhrif á umferðaröryggi. Tillagan leggur því til skýrara flæðis allra fararmáta, bættra göngupverana og læsilegra umhverfis fyrir farþega Strætó.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Forhönnunarteikning af breyttri útfærslu á útisvæði skiptistöðvarinnar við Mjódd.



Reykjavík



Bætt aðgengi Strætó 2025

Yrftissmynd.	Yfirfarðr.	ASK
Stjóðarheiti: Mjóð	Samþykkt:	ASK
Blöðidvörn: 90000534	Kt:	
Málfrakvæð: :500 (A3)	Dagsetning:	26.02.2026
Verkurner:	Tekinnganuner:	Nr.
25143	GAE-Y-01	1.01